

20 ára afmælishátíð FSN

Fjölbrautaskóli Snæfellinga var stofnaður fyrir 20 árum og var þeim áfanga fagnað 30. ágúst síðastliðinn. Á þessum 20 árum hefur skólinn útskrifað um 600 nemendur og markað sér mikilvæga sérstöðu í framsæknu skólstarfi en hann gegnir lykilhlutverki fyrir framhaldsmenntun og byggðirnar á Snæfellsnesi og sunnanverðum Vestfjörðum.

Fyrir hádegi 30. ágúst var opið hús í skólanum þar sem gestir gátu fylgst með krufningu, fíktað í fab lab stofu skólans, prófað heimsmarkmiðaspil og fleira. Gestum var boðið upp á skúffuköku og mjólk á meðan þeir skoðuðu hvað skólinn hafði upp á að bjóða. Eftir hádegi var hátíðardagsskrá þar sem fyrrum og núverandi þingmenn, ráðherrar, bæjarstjórar, nemendur og aðrir venunnarar skólans voru komnir saman til þess að fagna þessum áfanga. Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari skólans, setti hátíðina og kynnti veislustjórnann á svið, Gísla Pálsson en hann er einnig íþrótt- og lýðheilsukennari skólans. Sturla Böðvarsson tók til máls en hann var þingmaður svæðisins þegar ákvörðun var tekin um að byggja framhalds-



Á myndinni eru Bjarni Jónsson, Ólafur Tryggvason, Sólrún Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Björg Ágústsdóttir og Jón Bjarnason.

skóla á Snæfellsnesi. Sturla tók fyrstu skóflustunguna 17. desember árið 2003 en í 30. ágúst 2004 var skólinn vígður. Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundarfjarðar, tók til máls en hún talaði um rannsóknarvinnuna sem átti sér stað áður en ákvörðun var tekin um að stofna skólann. Farið var í aðra framhaldsskóla á sambærilegum svæðum og kostir og gallar metnir í samræmi við það. Nú situr hún í stjórn Jeratúns ehf. ásamt bæjarstjórum hinna bæg-

arfélaganna á Snæfellsnesi en hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnæðis FSN. Jeratún ehf. gaf skólanum 2.000.000 króna í tilefni áfangans og er vilji þeirra að gjöfin nýtist í skemmtilega hluti til þess að göfga skólstarfið. Lárus Ástmar Hannesson tók einnig til máls en fjögur börn hans hafa útskrifast frá skólanum. Jón Bjarnason fyrrverandi þingmaður og ráðherra flutti ávarp og rifjaði upp skólahald fyrri tíma á Snæfellsnesi. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir var menntamálaráðherra þegar FSN var settur í

fyrsta sinn og var hún þá viðstödd setninguna. Hún flutti þá ávarp sem ráðherra en hún var einnig viðstödd 20 ára afmæli skólans og rifjaði upp aðdraganda skólstarfsins. Davíð Svanur Hafþórsson söng nokkur lög við athöfnina en hann tók þátt í söngvakeppni framhaldsskólanna á síðasta ári fyrir FSN. Hólmfríður Friðjónsdóttir þýskukennari spilaði einnig fallega tóna á píanó á hátíðinni. Eftir ræðuhöldin var gestum boðið upp á köku og kaffi.



Davíð Svanur Hafþórsson söng nokkur lög við athöfnina



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Foreldrafélögin gáfu leiktæki



Leikskólar Snæfellsbæjar hafa fengið nýja viðbót á leikvelli leikskólanna, börnunum til mikillar

gleði. Það voru foreldrafélag leikskólans í Ólafsvík og foreldrafélagið Leikur á Hellissandi sem



tóku sig til og keyptu ný leiktæki fyrir leikskólana. Foreldrafélag leikskólans í Ólafsvík gaf leikskólanum gormatæki á lóðina í Ólafsvík í júní og nú í ágúst gaf Foreldrafélagið Leikur strætó á

lóðina á Hellissandi. Bæði tækin vekja mikla kátínu á meðal barnanna og vilja Leikskólar Snæfellsbæjar þakka kærlega fyrir þessar flottu gjafir.

SJ

Inga Fanney hljóp hálfmaraþon



Í síðasta tölublaði Jökuls var fjallað um Reykjavíkumaraþonið og þá fjölmörgu Snæfellinga sem tóku sig til og hlupu þar, bæði til góðs og til gamans. Þar var talað um fimm einstaklinga sem hlupu til styrktar Krabbameinsfélagi Snæfellsness en þar fórst að nefna þá skemmtilegu staðreynd að Inga Fanney Jónasdóttir hljóp hálfmaraþon í hlaupinu. Inga Fanney er 78 ára gömul og býr í Ólafsvík ásamt manni sínum Ólafi Vigni

Sigurðssyni þar sem þau reka Bikers Paradise. Inga Fanney kláraði hálfmaraþonið, 21,1 kílómetur, á 3 klukkustundum og 9 mínútum. Aðeins 33 keppendur tóku þátt í flokki 70 til 79 ára, þar af átta Íslendingar. Inga Fanney safnaði 125 þúsund krónum fyrir Krabbameinsfélag Snæfellsness með þessu framlagi sínu og er meðfylgjandi mynd tekin af henni í hlaupinu á Menn-ingarnótt.

SJ



Bifreiðaverkstæði Ægis,
Rífi, S-4366677

Betra fyrir bílinn

Útkall



Miðvikudaginn 28. ágúst barst björgunarsveitinni Lífsbjörgu útkall vegna manns sem hafði komið sér í sjálfheldu í gili austan Rauðfeldargjár. Maðurinn hafði klifrað um 30 til 40 metra upp bratt gil og treysti sér svo ekki niður aftur. Verkefnið var krefjandi fyrir meðlimi björgunarsveitarinnar og reyndi á klifurfærni þeirra á bröttustu köflun-

um. Mikil hætta var á grjóthruni niður gilið en vel gekk að setja upp línur og manningin var svo slakað niður klettana. Var maðurinn nokkuð kaldur og skelkaður þegar niður var komið. Verkefnið tók fjóra tíma og átta félagar Lífsbjargar tóku þátt í björguninni. Meðfylgjandi mynd er frá björgunarsveitinni Lífsbjörgu.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Uppskáru rabarbara og smælki



Í vikunni fóru nokkrir hressir íbúar af Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri í Snæfellsbæ út í garð og tóku upp kartöflur. Útsæði voru sett niður fyrir í sumar þegar rósarunnar voru fjarlægðir úr beðunum. Upp úr moldinni kom aðallega smælki og dugði uppskeran í eina máltíð fyrir íbúa. G. Run ehf gaf heimilinu

nú á dögum 100 kíló af roð og beinlausri ýsu og fengu íbúar einmitt að smakka á henni með ný uppteknu kartöflunum. Í garðinum leyndist einnig rabarbari sem var tekinn upp, það var ekki nóg í sultugerð en matráðurinn á Jaðri mun útbúa rabarbaragraut sem íbúar munu gæða sér á í vikunni.

JJ

Víkingar sigruðu í hvassvirði



Víkingar halda sér ennþá í toppbaráttu 2. deildar Íslands-móts KSÍ eftir 20. umferð deildarinnar um liðna helgi. Leikurinn átti upphaflega að vera laugardaginn 31. ágúst en vegna mikillar rigningar og hvassvirðis var honum seinkað um sólarhring. Á sunnudeginum var ennþá tví-sýnt hvort leikurinn myndi fara fram en eftir að dómara leiksins höfðu tekið aðstæðurnar út var ákveðið að spila leikinn en þó með 20 mínútna seinkun. Víkingar tóku á móti KFG og unnu gegn þeim sannfærandi 4-0 sigur. Björn Axel Guðjónsson kom Víkingum yfir á 31. mínútu og Ivan Blanco bætti öðru marki við á 46. mínútu. Í seinni hálfleik leiksins skoraði Gary Martin á 65. mínútu og Asmer Begic bætti fjórða markinu við á 90.

mínútu en það var hans fyrsta mark fyrir meistaraflokk Víkings. Þessi markaveisla á Ólafsvíkuvelli kom á hárréttum tíma því að markatalan gæti ráðið því hvaða lið fer upp í þessari hnifjöfnu toppbaráttu. Víkingur situr í 4. sæti deildarinnar með 38 stig, Þróttur er einnig með 38 stig í 3. sæti og Völsungur er í 2. sæti með 39 stig. Í næstu umferð deildarinnar og jafnframt þeirri næstíðustu heimsækja Víkingar Ægi heim til Þorlákshafnar á sama tíma og Völsungur og Þróttur V mætast á Húsavík. Næsti sunnudagur gæti því verið þýðingarmikill á þessum lokametrum deildarinnar. Meðfylgjandi mynd náði Lárus Einarsson af stemmingunni í klefa Víkings eftir leikinn.

SJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrr.

Upplýsingar um auglýsingaverð á www.steinprent.is



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

HAMPIÐJAN

Voot verslun er nú verslun Hampiðjunnar

Dótturfyrirtæki Hampiðjunnar, Voot ehf., hefur á undanförunum árum vaxið og dafnað eftir kaup Hampiðjunnar á 68% hlut í fyrirtækinu árið 2017.

Voot hefur byggt upp sterka markaðsstöðu í útgerðar- og rekstrarvörum ásamt því að þróa sjóvinnufatalínuna MarWear og því sem fyrirtækið var upphaflega stofnað til – að útvega beitu til línuveiðiskipa.

Hampiðjan Ísland, sem er dótturfyrirtæki Hampiðjunnar og sinnir íslenska markaðinum með veiðarfæri og rekstrarvörur, hefur einnig sinnt sölu á rekstrarvörum og ýmsum vörum fyrir útgerð og undanfarin ár í mjög nánu samsstarfi við Voot.


Samstarfið hefur verið svo náð að á þessum tímapunkti er skynsamlegt að leggja þessa tvo rekstrarhluta saman til að ná fram frekari hagkvæmni og Voot, áfram undir styrkri stjórn Vignis Óskarssonar, að einbeita starfsemi Voot að beitu og aukaafurðum í sjávarútvegi.

Með tilfærslunni styrkir Hampiðjan Ísland markaðsstöðu sína með því að bjóða upp á fjölbreyttara vöruúrval undir einu merki og auka þannig þjónustu við verktaka og viðskiptavini í sjávarútvegi, landbúnaði, matvælaíðnaði og öðrum atvinnugreinum.

Sameiningin gerir það kleift að nýta verslunarrými fyrirtækjanna betur. Hampiðjan Ísland hefur rekið verslun í höfuðstöðvum sínum í Skarfagörðum, í Vestmannaeyjum, Ísafirði og á Neskaupsstað en Voot hefur haldið úti verslunum á Akureyri og í Ólafsvík. Verslanirnar á Akureyri og í Ólafsvík munu halda áfram að þjónusta nærumhverfi sitt og bjóða upp á sérhæfða vöru og þjónustu, þar á meðal efnavöru og vera umboðs- og dreifingaraðili fyrir Olís á Snæfellsnesi.

Bæði fyrirtækin hafa verið með starfsemi sína og vöruhús í höfuðstöðvum Hampiðjunnar við Skarfabakka í Sundahöfn, þannig að breytingin hefur ekki áhrif þjónustu eða dreifingu til viðskiptavina.

Með sameiningunni stefnir Hampiðjan Ísland að því að styrkja verslanirnar um land allt og bjóða upp á fjölbreyttara vöru- og þjónustuframboð og tryggja viðskiptavinum sínum aðgang að hágæða búnaði sem er sérsniðinn að þörfum þeirra.



HAMPIÐJAN